

Ed.

752. Tillaga

til þingsályktunar um millipinganevnd í slysfaramálum.

Flutningsmenn: G. Björnsson og Sigurður Stefánsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á landssjórnina að skipa 3 manna nefnd milli þinga, til að rannsaka orsakir slysfara hjer á landi, einkum druknana, og koma fram með ákveðnar tillögur um:

1. Ráðstafanir til að afstýra slysförum.
2. Frumvarp til laga um slysatryggingar, einkum slysatryggingu sjómanna.